

21. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 15. janúar kl. 17:00 á skrifstofu FSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson ritari og Jósef Húnfjörð meðstjórnandi. Auk þess sat fundinn eftirtalinn áheyrnarfulltrúar, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hópfimleikum, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla, Sandra Matthíasdóttir frá tækninefndar kvenna og Guðjón Guðmundsson (fór af fundi 18:05), formaður tækninefndar karla. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Friðbjörn Möller gjaldkeri boðaði forföll.

Formaður setur fundinn kl. 17.10.

Dagskrá

Til samþykktar

1. Uppfærðar reglur um íslenska fimleikastigann í almennum fimleikum

Erindi frá THF, varðandi endurskoðun á reglum í almennum fimleikum, barst stjórn og var tekið fyrir á 18.fundi 20.nóvember 2012. Bókað var að THF legði fyrir breyttan keppnisstiga FSÍ í almennum fimleikum. Fyrir liggur breyttur íslenskur fimleikastigi í almennum fimleikum.

Málið rætt

Fimleikastiginn er samþykktur. Framkvæmdastjóra er falið að senda út á félög og yfirþjálfara félaga, endurskoðaðan og ný samþykktan fimleikastiga ásamt því að setja hann inn á heimasíðu sambandsins.

2. Beiðni frá THF um boð til erlendra dómara vegna Íslandsmeistaramóts

Tillagan felur í sér að bjóða 2 erlendum hópfimleikadómurum að koma og dæma Íslandsmót í hópfimleikum. Tækninefnd í hópfimleikum myndi hafa milligöngu um að velja hvaða dómurum hún býður. Dómurum yrði útveguð gisting annað hvort fyrir milligöngu fólks úr fimleikahreyfingunni eða gegn hóflegu gjaldi á gistiheimili. Lagt er til að Fimleikasambandið leggi til helming kostnaði við flug dómara og gistingu. Áætlaður kostnaður er um 250 þús.

Tilgangurinn með tillögunni er fyrst og fremst þrjúþættur:

1. Fá fleiri alþjóðlega dómara til að dómgæslu á Íslandsmót í hópfimleikum.
2. Fá víðtækari umræðu um dómgæslu sem felur í sér viðhorf dómara annarra þjóða.
3. Bæta samskipti við og skiptast á hugmyndum við dómara annarra þjóða.
4. Sýna frumkvæði meðal Norðurlandþjóða sem gæti orðið til þess að okkar dómurum yrði boðið á viðlíka mót erlendis.

Málið rætt

Samþykkt að heimila THF að bjóða 2 dómurum á þeim forsendum sem fram koma í beiðni nefndarinnar. Fjáröflunar- og markaðsnefnd er falið að finna styrktaraðila fyrir íslandsmótið sem felur í sér að hluta til kostnað við komu dómara hingað til lands.

3. Samþykkt fyrir Afrekssjóð Fimleikasambands Íslands

„Um Afrekssjóð Fimleikasamband Íslands (FSÍ), sem stofnaður var á fundi fjáröflunar- og markaðsnefndar FSÍ þann 7. janúar sl., gilda eftirfarandi samþykktir:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afrekssjóður Fimleikasambands Íslands. Heimili hans er Engjavegur 6, 104 Reykjavík. Sjóðurinn er hluti af B hluta efnahagsreiknings FSÍ.

Ávöxtun sjóðsins og fjárvarsla er í höndum stjórnar FSÍ. Ávöxtun sjóðsins tekur mið af hæstu mögulegu ávöxtun hverju sinni en með minnstu mögulegu áhættustýringu.

2. gr.

Úthlutun úr sjóðnum er ákveðin af stjórn FSÍ. Hámarksúthlutun úr sjóðnum á hverju ári skal vera helmingur þess fjár sem safnaðist í sjóðinn árið á undan og ávöxtun hins helmingsins reikningsársins þar á undan, en má vera minni ef stjórn FSÍ telur slíkt skynsamlegt.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja þá sem valdir eru til keppni af FSÍ í landslið Íslands í fimleikum með niðurgreiðslu á þátttökukostnaði við keppni og æfingar sem og allan útlagðan kostnað vegna íþróttarinnar.

Lengri tíma markmið sjóðsins er að styrkja alla fimleikahreyfinguna í heild sinni eins og innistæður sjóðsins gefa tilefni til og stjórn FSÍ telur rétt hverju sinni.

Aðeins skal veita styrki úr sjóðnum til afrekshóla innan FSÍ vegna verkefna á vegum sambandsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn, fjórir tilnefndir af fjáröflunar- og markaðsnefnd FSÍ og einn tilnefndur af stjórn FSÍ.

Sjóðurinn heyrir undir fjáröflunar- og markaðsnefnd FSÍ. Allar ákvarðanir sem lúta að öflun styrkja ber að samræma stefnu fjáröflunar- og markaðsnefndar FSÍ og stjórnar sambandsins. Hlutverk stjórnar sjóðsins er að afla fjármagns inn í sjóðinn í samráði við fjáröflunar- og markaðsnefnd FSÍ.

5. gr.

Stjórn Afrekssjóðs FSÍ skal óska eftir tillögum um úthlutun vegna verkefna á vegum sambandsins frá sviðstjóra landsliða FSÍ/landsliðsþjálfurum, að minnsta kosti einu sinni á ári. Stjórn FSÍ úthlutar styrkveitingum úr sjóðnum eins oft og þurfa þykir.

6. gr.

Tekjur sjóðsins geta verið árgjöld, styrkarfé eða aðrir fjármunir sem sjóðnum áskotnast hvort heldur er frá einstaklingum, stofnunum eða fyrirtækjum.

7. gr.

Samþykkt þessi var staðfest á stjórnarfundum FSÍ þann 15. janúar 2013 og tekur gildi frá og með þeim tíma.“

Málið rætt

Reglur um Afrekssjóð Fimleikasambands samþykkt. Stjórnarmenn Afrekssjóðs eru: Einar Ólafsson, formaður, tilnefndur af stjórn FSÍ, Davíð Ingason, Jónas Tryggvason, Ásdís Pétursdóttir og Alda Sigurðardóttir tilnefnd af fjáröflunar- og markaðsnefnd.

4. Ráðningar landsliðsþjálfara

Fimleikasambandið auglýsti stöðu landsliðsþjálfara 3.janúar á vef sambandsins og með tölvupósti til allra aðildafélaga og yfirþjálfara þeirra. Um er að ræða nýjar stöður hjá sambandinu en ekki hefur áður verið ráðið í sambærilegar stöður. Umsóknarfrestur var til 13.janúar 2013 og skila átti umsóknum til sviðsstjóra landsliðsmála.

Fyrirliggur tillaga frá sviðsstjóra landsliðsmála

- Landsliðsþjálfari karla verði Gennadiy Zadorozhniy
- Landsliðsþjálfari kvenna Guðmundur Þór Brynjólfsson
- Landsliðsþjálfari kvenna Sandra Dögg Árnadóttir
- Landsliðsþjálfari hóp fimleika Ása Inga Þorsteinsdóttir

Málið rætt

Stjórn samþykkir tillögu frá sviðsstjóra landsliðsmála og leggur til við hana að ganga til samninga við viðkomandi einstaklinga og hefja vinnu við stofnun úrvalshópa ásamt því að fara yfir þau verkefni sem liggja fyrir á þessu ári.

Guðjón Guðmundsson fer af fundi.

Til kynningar

1. Skýrsla FFA um FIG Colloquium ráðstefnuna, haldinn í Finnlandi daganna 23.-24. nóvember 2012.

-Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla, fór yfir það sem fór fram á ráðstefnunni - og fylgdi skýrslunni úr garði.

Bókun:

Stjórn FSÍ þakkar Sæunni Svanhvít Viggósdóttur fyrir áhugaverða og greinagóða skýrslu um ráðstefnuna og gerir lokaorð skýrslunar að sínum. **“.....Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir íslenska fimleikasambandið að eiga fulltrúa á ráðstefnu sem þessari þar sem að nýjungar eru kynntar og fulltrúar koma úr öllum heimsálfum með ólíkan bakgrunn og bera saman bækur sínar. “**

Jafnframt þakkar stjórn FSÍ Hlíf Þorgeirsdóttur fyrir frábæra vinnu við undirbúning ráðstefnunar sem var á vegum FIG. Hlíf var send í boði FIG og var með fyrirlestur/kynningu á því sem UEG er að gera eins og EUROGYM, Golden Age, Choreo-camp og European gym for youth challenge.

2. Boð á Cesenatico Teamgym æfingabúðir

-Boð á æfingabúðir komu frá UEG. Sviðsstjóri kynnir upplýsingar um æfingabúðirnar fyrir félögum.

3. Skýrsla vegna setu Hlífar Þorgeirsdóttur í FFA nefnd hjá UEG

-Hlíf fór yfir skýrsluna og hvert hennar hlutverk í nefndinni hefur verið, en nú er fjórða og loka árið af starfstímanum að byrja.

Bókun: Stjórn FSÍ er ákaflega stolt af vinnu sem Hlíf Þorgeirsdóttir hefur unnið í tækninefnd FFA hjá UEG. Að eiga fulltrúa í tækninefnd UEG er mikilvægt fyrir þróun fimleikahreyfingarinnar á Íslandi, ekki síst þar sem hlutverk Hlífar hefur verið að sjá um Golden Age, Gym for Youth Challenge og Coreo-

camp innan nefndarinnar, auk þess sem Hlíf ásamt öðrum nefndarmönnum skipulagt Eurogym hátíðirnar.

Bréf til FSÍ

1. Bréf frá ÍSÍ um 71.íþróttahing ÍSÍ 2013
2. Bréf frá UEG varðandi European Olympic Games
3. Bréf frá FFA nefnd UEG um kynningarfund um Eurogym 2014 (haldinn 28/6/2013 í Helsingborg)
4. Bréf frá FFA nefnd UEG um 2nd Educational Camp in Choreography 29/6-1/7 í Helsingborg, Svíþjóð.

Fundi slitið kl.18:50.